Ár 1974, þriðjudaginn 26. nóvember, var í málinu nr. 29/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

úrskurður:

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 3. apríl 1973, kærði Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður, f.h. eigenda fasteignarinnar Fífuhvamms í Kópavogi fasteignamat eignarinnar og álagðan fasteignaskatt til lækkunar. Staðgreinir fasteignar þessarar er 107.2--.-99. Með bréfi, dags. 19. nóvember s.l., var fallið frá kröfu um lækkun fasteignamats, en þess hins vegar krafist, að fasteignin verði skattlögð til fasteignaskatts samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Er krafa þessi rökstudd með því, að einu nytjar landsins séu í þágu landbúnaðar.

Ekki hafa verið lögð fram gögn um, að umrædd fasteign sé nýtt í þágu landbúnaðar í þeim mæli, að skilyrði séu til að skattleggja eignina á grundvelli framangreindra ákvæða laga nr. 8/1972, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Ekki er heldur upplýst um önnur atvik, er geti leitt til þeirrar niðurstöðu. Samkvæmt því þykir ekki fært að taka kæruna til greina.

ÚRSKURÐARORÐ:

Framangreind kæra er ekki tekin til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson